

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 29. júní 2007 í máli nr. S-182/2007:

Ákærvaldið

(Þorbjörg Sigr Gunnlaugsdóttir ftr.)

gegn

Friðriki Má Heimissyni

(Hilmar Baldursson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ.m., er höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefnum 6. mars og 17. apríl 2007, á hendur Friðriki Má Heimissyni, kt. 000000-0000, Arnarsmára 10, Kópavogi.

Með fyrri ákærinni og að teknu tilliti til afturköllunar á einum lið hennar við þingfestingu málsins og leiðréttingar á öðrum sem gerð var í þinghaldi 21. maí sl. er höfðað mál á hendur ákærða fyrir eftirtalin brot:

1. Fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 3. júlí 2006, að Helguhlíð í Mosfellsbæ, ráðist á Atla Sæmundsson, kt. 000000-0000, og slegið hann með hafnaboltakylfu með þeim afleiðingum að hann hlaut mar á hægri öxl, mar á vinstri handlegg og á baki og tognun um axlarlið og í millirifjavöðvum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

2. Fyrir nytjastuld og eignaspjöll, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 24. apríl 2006, tekið í heimildarleysi til eigin nota bátinn Gísla KÓ 10, nr. 1909, þar sem hann stóð við Kópavogsbryggju í Kópavogi, með því að skera á landfestar, brjóta rúðu í bátnum, sigla af stað án þess að taka úr sambandi rafmagnskapal sem tengdur hafði verið frá bátnum í rafmagnstöflu í landi, þannig að hann slitnaði, og siglt bátnum í strand í Skerjafirði, með þeim afleiðingum að miklar skemmdir urðu á stýri og skrúfu, botn bátsins grjótbarinn, skemmdir urðu á vélbúnaði og botnstykki fyrir dýptarmæli.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fyrir eignaspjöll og nytjastuld, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 24. apríl 2006, við Skólagerði 47 í Kópavogi, kastað múrsteini í húsið með þeim afleiðingum að kvarnaðist úr vegg þess og fyrir að hafa sömu nótt tekið reiðhjólið Sykee Alpha í heimildarleysi við Hlíðarveg 50 í Kópavogi og hjólað á því að Kópavogshöfn, þar sem lögregla fann hjólið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Fyrir nytjastuld, með því að hafa í heimildarleysi, á tímabilinu 25.–29. september 2006, tekið fjórhjólið Honda Trx Formann YY-781 úr hestakerru [...] í Þokkaholti 6 í Kópavogi og ekið því um Hnoðraholt, þar sem ákærði skildi það eftir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákærinni er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þar er ennfremur getið bótakrafna á hendur ákærða. Í fyrsta lagi krefst Tryggingamiðstöðin hf. þess að ákærða verði gert að greiða félaginu skaðabætur. Segir í ákæru að hún nemi 1.164.522 krónum og er þar stuðst við kröfubréf félagsins 4. ágúst 2006. Samkvæmt gögnum sem því fylgdu og sérstakri sundurliðun nemur krafan hins vegar 1.161.522 krónum. Helgast þessi mismunur þannig af misritun í kröfubréfinu. Í öðru lagi gerir Sælind ehf. bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð 42.145 krónur. Báðar þessar kröfur taka til sakargifta samkvæmt lið 2 hér að framan. Í þriðja lagi krefur Björgvin Þórisson ákærða um bætur að fjárhæð 580.000 krónur. Tekur sú krafa til töku ákærða á fjórhjóli, sbr. liður 4 hér að framan.

Með seinni ákærinni er höfðað mál á hendur ákærða „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa sunnudaginn 8. október 2006, ekið bifreiðinni YM 254 undir áhrifum áfengis [...] og án ökuréttinda við Selectverslunina á Fífuhammsvegi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.“

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta sviptingu ökuréttar.

Ákærði krefst þess að honum verði einungis gerð vægasta refsing sem lög frekast leyfa. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfum verði vísað frá dómi. Til vara er gerð sú krafa að bótakröfur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Sælindar ehf. sæti lækkun.

I.

Sakargiftir á hendur ákærða samkvæmt ákæru 6. mars 2007 og að teknu tilliti til breytinga sem á henni hafa verið gerðar eru svo sem fram er komið í fjórum liðum. Í þeim fyrsta er honum gefin að sök líkamsárás, í öðrum og þriðja lið nytjastuldur og eignaspjöll og hinum fjórða nytjastuldur. Ákærði játar í öllum tilvikum þá háttsemi sem honum er nú gefin að sök samkvæmt framansögðu. Beinist vörn hans í málinu nær alfarið að 2. liðnum og í því sambandi því tjóni sem varð þegar ákærði sigldi bátnum Gísla KÓ 10 í strand í Skerjafirði. Þá hefur ákærði játað að hafa slegið Atla Sæmundsson í tvö eða þrjú skipti með hafnaboltakylfu og dregur ekki í efa að Atli hafi við það hlotið einhverja af þeim áverkum sem tilgreindir eru í 1. liðnum. Að öðru leyti er játning ákærða ekki bundin fyrirvörum.

1.

Með játningu ákærða og framlögðum sakargögnum er sannað að ákærði veittist að Atla Sæmundssyni í íbúðarhúsi í Mosfellsbæ laust eftir miðnætti aðfaranótt 2. eða 3. júlí 2006 og lamdi hann tvisvar eða þrisvar sinnum með hafnaboltakylfu. Kvaðst ákærði hafa lamið Atla með kylfunni í efri hluta líkamans, vinstra megin, þó aldrei í höfuðið. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði í hópi manna sem réðust á Atla í umrætt sinn, en ekki hefur tekist að upplýsa hverjir það voru sem stóðu að þeirri atlögu ásamt ákærða. Hlaut Atli margvíslega áverka við þá árás og eru þeir tíundaðir í vottorði læknis á slysa- og bráðadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss, en þangað leitaði Atli samkvæmt því sem fram kemur í vottorðinu klukkan 03:03 2. júlí 2006. Á meðal þeirra eru þeir áverkar sem ákærði er nú sakaður um að hafa veitt Atla.

Þar sem telja verður fram komið að aðrir en ákærði hafi veist að Atla Sæmundssyni með höggum og spörkum og veitt honum áverka verður að telja ósannað að ákærði hafi orðið valdur að öllum þeim áverkum sem saksókn á hendur honum tekur nú til. Engu að síður má slá því föstu að þeir verði að nokkru marki raktir til atlögu hans. Samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás sem varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum. Má hvað þessa niðurstöðu varðar vísa til dóms Hæstaréttar frá 2. júní 2005 í málinu nr. 513/2004.

2.

Með skýlausri játningu ákærða og framlögðum sakargögnum hafa fullar sönnur verið færðar fram fyrir sakargiftum á hendur honum samkvæmt liðum 3 og 4 hér að framan. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

3.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust viðurkennt að hafa, aðfaranótt mánudagsins 24. apríl 2006, siglt bátnum Gísla KÓ 10 í heimildarleysi frá bryggjunni á Kársnesi í Kópavogi. Þá hefur ákærði jafnframt viðurkennt að hafa brotið rúðu í glugga á stýrishúsi bátsins og skorið á landfestar hans. Hann hefur einnig gengist við því að hafa með þeim hætti sem í ákæru greinir orðið valdur að því að rafmagnskapall slitnaði. Loks viðurkennir ákærði að hafa af ásettu ráði siglt bátnum í strand í Skerjafirði og að ýmsar skemmdir hafi orðið á bátnum við strand hans. Verður afstaða ákærða til sakargifta að því leyti skilin svo að hann dragi ekki í

efa að þær skemmdir sem lýst er ákæru að orðið hafi á bátnum við strandið verði raktar til þess og að andmæli ákærða taki alfarið til þess fjárhagslega tjóns sem af strandinu hlaust og bóta sem hann er krafinn um af þeim sökum.

Aðdragandanum að strandi bátsins, sem er frambyggður 11 tonna plastbátur af gerðinni Viksund, og strandinu sjálfu lýsti ákærði með eftirfarandi hætti við skýrslugjöf hjá lögreglu 25. apríl 2006, en þá skýrslu sína staðfesti hann fyrir dómi við aðalmeðferð málsins: „Ég sigldi út úr höfninni og tók stefnuna út á haf. Ég stoppaði síðan bátinn þar sem ég áttaði mig á að ég gæti orðið olíulaus ef ég sigldi of langt út. Ég tók því stefnuna á Skerjafjörðinn en þangað voru ca. 1-2 mílur. Ég myndi telja að ég hafi verið með bátinn á ca. ½ inngjöf og sigldi á ca. 10 mílna hraða. Ég myndi telja að ég hafi verið á þeim hraða þegar ég nálgadist landið/Skerjafjörðinn, um leið og ég heyrði að bátinn tók niðri þá sló ég strax af ferðinni og nánast strax þá var báturinn strandaður. Ég get ekki sagt til hversu langt ég var frá landi en ákvað að reyna að komast nær og setti í aftur á bak. Báturinn losnaði um leið og aldan gekk undir hann og þannig náði ég bátnum aftur á bak. Ég tók síðan áfram og komst að ég tel [...] mun nær landi, var stefni bátsins ca. 1 metra frá landi.“

Gögn sem lögð hafa verið fram í málinu, svo sem ljósmyndir af bátnum, framburður ákærða og vitnisburður Guðmundar Geirdal Gíslasonar, fyrirsvarsmanns eiganda bátsins, Þorleifs Ragnarssonar, starfsmanns Tryggingamiðstöðvarinnar hf., og lögreglumannanna Sæmundar Arnar Sveinssonar og Kristjáns Friðþjófssonar, rennir óbyggjandi stöðum undir þær sakargiftir samkvæmt ákæru að við strandið hafi orðið skemmdir á stýri, skrufu, botni, botnstykki fyrir dýptarmæli og vélbúnaði bátsins.

Heimildarlaus notkun ákærða á bátnum telst fyllilega sönnuð með játningu hans, sem samrýmist framkomnum sakargögnum. Með vísan til þess sem rakið er hér að framan telst ennfremur nægilega sannað, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi með háttsemi sinni í umrætt sinn orðið valdur að þeim skemmdum á bátnum Gísla KÓ 10 sem tilgreindar eru í ákæru.

Þau brot ákærða sem hér hafa verið til umfjöllunar eru í ákæru réttilega heimfærð til 1. mgr. 259. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust viðurkennt að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru 17. apríl 2007. Telst sannað með þeirri játningu, sem er í samræmi við framlögð sakargögn, að ákærði hafi, sunnudaginn 8. október 2006, ekið bifreiðinni YM-254 undir áhrifum áfengis þá leið sem í ákæru greinir. Er brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákærunni, en vinnandamagn í blóðsýni sem tekið var úr ákærða í kjölfar þess að akstri hans lauk reyndist að teknu tilliti til reiknaðs frávíks vera 0,99 0/00.

III.

Ákærði, sem var á 19. aldursári þegar hann framdi þau brot sem hann er hér sakfelldur fyrir, hefur ekki áður sætt refsingu. Refsingu hans nú ber að ákveða að teknu tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun hennar er

að auki til þess að líta að ákærði er nú sakfelldur fyrir fólkskulega líkamsárás. Þá varð talsvert tjón á bátnum Gísla KÓ 10 við strandið 24. apríl 2006. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Eftir atvikum og þar sem ákærði er nú í fyrsta sinn fundinn sekur um refsilagabrot þykir mega fresta fullnustu þeirrar refsingar og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður ákærða jafnframt gert að greiða 80.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu að telja skal ákærði í hennar stað sæta fangelsi í 6 daga.

Með vísan til 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður ákærði sviptur ökurétti í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

IV.

Svo sem fram er komið hafa þrjár bótakröfur verið settar fram í málinu á hendur ákærða. Taka tvær þeirra til skemmda sem urðu á bátnum Gísla KÓ 10 við strand hans 24. apríl 2006 og annars kostnaðar sem rakinn verður til strandsins, en sú þriðja snýr að heimildarlausri töku ákærða á fjórhjólí í september 2006.

Sæling ehf., sem mun vera skráður eigandi Gísla KÓ 10, gerir bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð 42.125 krónur. Er þar um að ræða helmings hlutdeild félagsins í kaupverði tógs sem notað var þegar báturinn var dreginn af strandstað og sérstaklega keypt til þeirra nota. Hinn hluta kaupverðsins innti tryggingafélag bátsins, Tryggingamiðstöðin hf., af hendi. Varð að samkomulagi á milli þeirra að eigandi bátsins héldi tóginu. Í ljósi þessa verður ekki tekin afstaða til þessarar bótakröfu og er henni vísað frá dómi.

Krafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. vegna strands Gísla KÓ 10 nemur 1.161.522 krónum. Má segja að hún sé í 5 liðum. Í fyrsta lagi er þar um að ræða kostnað vegna viðgerðar á bátnum, samtals 842.440 krónur. Inni í þeirri fjárhæð er vinna við vélbúnað bátsins. Var talið nauðsynlegt að yfirfara hann, en um nýlegan vélbúnað mun hafa verið að ræða. Í öðru lagi hefur tryggingafélagið greitt 134.448 krónur í kostnað vegna aðstoðar dráttarbáts á strandstað í Skerjafirði. Í þriðja lagi greiddi félagið eiganda bátsins 95.000 krónur vegna viðgerðarvinnu hans og vinnu á strandstað. Með þeirri greiðslu var einnig bætt tjón vegna skemmda á botnstykki samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Í fjórða lagi greiddi tryggingafélagið 47.490 krónur fyrir hífingu á bátnum 24. apríl og 20. júní 2006. Í fimmta lagi greiddi það helminginn, 42.144 krónur, af kaupverði tógsins sem áður er getið.

Engin efni eru til að vísa bótakröfunni í heild frá dómi, svo sem ákærði hefur aðallega krafist. Til vara krefst hann þess að bótakrafan sæti lækkun.

Að atvikum virtum og á grundvelli gagna sem lögð hafa verið fram í málinu verður krafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um bætur samkvæmt liðum 2 til 5 hér að framan að fullu tekin til greina, en þeir nema samtals 319.082 (134.448 + 95.000 + 47.490 + 42.144) krónum.

Framangreind krafa vegna viðgerðarkostnaðar er í 9 liðum. Að mati dómsins hefur viðhlítandi stoðum verið skotið undir kröfu vegna stýrisviðgerðar, nýrrar skrófu og viðgerðar á botni bátsins, þar með talin málun hans samkvæmt

sérstökum kröfulið. Verða þessir fjórir kröfuliðir að fullu teknir til greina, en samtals nema þeir 354.802 krónum. Hið sama á við um tvo kröfuliði, samtals að fjárhæð 85.474 krónur, en þar er annars vegar um að ræða kostnað vegna dæluhjóls og „Twin Disc“ tengis. Eftir stendur þannig krafa að fjárhæð 402.164 krónur og er hún í 3 liðum. Ekki er í efa dregið að frekari kostnaður en teknið hefur verið afstaða til hér að framan hafi með réttu fallið til vegna viðgerðar á vélbúnaði bátsins vegna strandsins. Svo sem málið liggur fyrir að þessu leyti og gegn andmælum ákærða þykir hins vegar ekki vera unnt að unnt að taka efnislega afstöðu til kröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um bætur vegna þessa kostnaðar. Er bótakröfu félagsins hvað hann varðar þannig vísað frá dómi.

Samkvæmt þessu verður bótakrafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á hendur ákærða teknið til greina með 759.359 krónum. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Bótakrafa vegna fjórhjólís var sett fram af eiganda þess, Björgvini Þórisssyni, 5. október 2006, en ákærði hefur í málinu verið sakfelldur fyrir að hafa tekið það í heimildarleysi í lok september það ár og ekið um á því. Hjólið mun ákærða hafa skilið eftir skammt frá þeim stað sem hann tók það og kom það í leitirnar þegar lögreglurannsókn var lokið. Bótakrafan var hins vegar sett fram meðan á rannsókn málsins stóð og felur það þannig í sér að ákærði greiði eiganda þess bætur sem samsvara verðmæti hjólsins. Að þessu virtu er óhjákvæmilegt að vísa bótakröfunni frá dómi, enda hefur ekki með öðrum hætti verið lagður lagður grunnur að rétti til bóta úr hendi ákærða vegna töku hans á fjórhjólinu og heimildarlausrar notkunar á því.

Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Baldurssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja að teknu tilliti til virðisaukaskatts hæfilega ákveðin 149.400 krónur. Þá skal ákærði ennfremur greiða 31.784 krónur í annan sakarkostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Friðrik Már Heimisson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 80.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 6 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Tryggingamiðstöðinni hf. 759.359 krónur.

Bótakröfum Sælindar ehf. og Björgvins Þórissonar er vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Baldurssonar
héraðsdómslögmanns, 149.400 krónur, og 31.784 krónur í annan sakarkostnað.

Þorgeir Ingi Njálsson